

**Borgarstjórn Reykjavíkur**  
**9. janúar 2024**

**Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um kosti þess að stofna til vinaborgasamstarfs við borg eða svæði í Palestínu**

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að ráðast í athugun á kostum, göllum og möguleikum á því að Reykjavík gerist vinaborg Gazaborgar eða annarrar borgar/svæðis í Palestínu.

**Greinargerð**

Allmörg sveitarfélög um víða veröld eru í vinaborgasambandi við borgir í Palestínu. Sem dæmi eru Barcelona á Spáni og norska borgin Tromsø vinaborgir Gazaborgar en allmargar borgir og bæir í Noregi eiga í slíku vinabæjasambandi við byggðir í Palestínu. Stutt er síðan Reykjavík gerðist vinaborg Lviv í Úkraínu og var þeirri aðgerð augljóslega ætlað að senda pólitísk skilaboð um samstöðu með borgarbúum hennar og fórnarlömbum árásarstríðs rússneskra stjórnvalda. Atburðir síðustu mánaða, og raunar áratuga, á Gazaströndinni gefa fullt tilefni til að athuga hvort slíkt vinaborgasamstarf gæti ekki verið af hinu góða.